



Reykjavík, 3. júlí 2020

Efni: Greiðslur til lögreglumanna sem sæta sóttkví vegna starfa sinna

Á 184. fundi Réttindanefndar BSRB hinn 19. júní sl. var tekið fyrir erindi frá Landssambandi lögreglumanna er varðar réttarstöðu lögreglumanna sem hafa þurft að sæta sóttkví vegna starfa sinna.

Annars vegar var um að ræða málefni lögreglumanns þurfti að sæta svokallaðri úrvinnslusóttkví þar sem hann var talin hafa orðið útsettur fyrir COVID-19 smiti í störfum sínum. Umræddur lögreglumaður var á sinni síðustu vakt fyrir vaktafri þegar einstaklingur veittist að honum og sagðist vera smitaður af COVID-19. Lögreglumaðurinn þurfti að dvelja 32 klukkustundir í sóttkví utan heimilis síns, fjarri fjölskyldu sinni, á meðan gengið var úr skugga um hvort um raunverulegt smit hefði verið að ræða. Þegar hann fór fram á greiðslu yfirvinnulauna fyrir þann tíma var því hafnað og raunar töldu hans yfirmenn engan rétt til launa vera til staðar þar sem viðkomandi hefði verið í vaktafri.

Hins vegar var um að ræða þónokkurn fjölda lögreglumanna sem þurftu að sæta sóttkví eftir að hafa sinnt útkalli um þjófnað á Suðurlandi. Eftir því sem Réttindanefnd BSRB kemst næst er afstaða yfirmanna þeirra sú sama og eiga lögreglumennirnir þ.a.l. ekki rétt til greiðslna á meðan þeir dvelja í sóttkví í sínu vaktafri né fá þeir aukinn frítökurétt vegna þeirra daga.

Lögreglumenn eru framlínufólk í öllum skilningi þess orðs. Þeir mæta almennt fyrstir á vettvang og hafa ekki val um það hvort þeir sinni útkalli þegar eftir þjónustu þeirra er leitað. Þeir eru oftast en ekki ómeðvitaðir um það hvað bíður þeirra og eru berskjaldaðir gagnvart utanaðkomandi ógn eins og smitsjúkdómum. Að mati Réttindanefndar BSRB er því óásættanlegt að þeim sé ekki bættur sá tími sem þeir neyðast til þess að verja af frítíma sínum í sóttkví vegna þess að hafa orðið útsettir fyrir smiti af lífshættulegum sjúkdómi í störfum sínum.

BSRB og Réttindanefnd bandalagsins gera af þeim sökum kröfu um að lögreglumönnum verði greiddar yfirvinnustundir vegna þess tíma sem þeir verja í slíkri sóttkví utan skilgreindrar vaktskrár þeirra. Það er sanngjarnt endurgjald fyrir þá áhættu sem tekin er af lögreglumönnum við þessar aðstæður og þá staðreynd að þeir glata þar með dýrmætum frítíma sínum af þeim sökum.

Virðingarfyllt,

f.h. Réttindanefndar BSRB

Arna Jakobína Björnsdóttir
Formaður Réttindanefndar

f.h. BSRB

Hrannar Már Gunnarsson
Lögfræðingur BSRB